

Skipulagsstofnun  
Jón Smári Jónsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 29. júní 2022  
UST202203-113/B.S.  
10.05.08

### **Efni: Mat á umhverfisáhrifum. Matsáætlun – Geitdalsárvirkjun. Umsögn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 8. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda matsáætlun.

Umhverfisstofnun telur að gera þurfi grein fyrir efnistöku og vegagerð. Ekki er nægjanlegt að ætla einungis að gera grein fyrir efnistöku í starfsleyfi eins og segir í matsáætluninni. Starfsleyfi er ekki réttur vettvangur fyrir slíka umfjöllun sérstaklega þar sem hér er um “nýtt” svæði að ræða og því verður að gera grein fyrir þessum þáttum sem ráða miklu um ásýnd virkjanasvæðisins. Einnig á að gera grein fyrir raski vegna lagningar aðrennslisþípu og hvernig frágangi verður háttáð. Umhverfisstofnun vill benda á frágang sambærilegs mannvirkis frá lóni á Fjarðarheiði og niður Stafi að stöðvarhúsi sem að mati Umhverfisstofnunar hefur tekist mjög vel.

Að sumu leyti er þessi framkvæmd framhald af svokallaðri Hraunaveitu sem gerð var eftir byggingu Kárahnjúkavirkjunar. Umhverfisstofnun vill benda á að frágangur Landsvirkjunar á virkjanasvæði Kárahnjúkavirkjunar hefur að mati stofnunarinnar heppnast vel og getur því verið fyrirmynd um hvernig ganga eigi frá á fyrirhuguðu virkjanasvæði.

Beðist er velvirðingar á þeim miklu tölum sem orðið hafa á svörum við þessu erindi.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson,  
*sérfræðingur*

Agnes Þorkelsdóttir,  
*sérfræðingur*